

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps *1. fundur*

að Hlíðavegi 6, mánudaginn 16. júní. 2014, kl 09:15.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Kosning oddvita og varaoddvita
3. Ráðning sveitarstjóra
4. Breytingar á samþykktum
5. Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimils aldraðra 24. júní
6. Fulltrúi á aðalfund Leigufélags Hvamms 24. júní
7. Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 25. júní

### Til kynningar:

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Sigurður G. Böðvarsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

#### 1. Fundarsetning

Friðrik K. Jakobsson setti fund og bauð nýja sveitarstjórn velkomna til fundar.

#### 2. Kosning oddvita og varaoddvita

Guðrún Brynleifsdóttir gerði að tillögu sinni að Yngvi Ragnar Kristjánsson yrði oddviti og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir varaoddviti, til næstu fjögurra ára.

Samþykkt samhljóða.

**3. Ráðning sveitarstjóra**

Ráðning sveitarstjóra er í eðlilegu ferli.

**4. Breytingar á samþykktum**

Oddviti kynnti fyrirhugaðar breytingar á samþykktum sveitarfélagsins, að fundartími sveitarstjórnar yrði framvegis annann og fjórða miðvikudag í mánuði, jafnframt að Atvinnumálanefnd yrði skipt upp í Atvinnumálanefnd og Landbúnaðarnefnd og að Skipulags- og umhverfisnefnd yrði skipt upp í Skipulagsnefnd og Umhverfisnefnd. Vísað til síðari umræðu.

**5. Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra 24. júní**

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra sf. sem haldinn verður í húsnæði félagsins, Vallholtsvegi 17, þriðjudaginn 24. júní verður Sigurður G. Böðvarsson.

**6. Fulltrúi á aðalfund Leigufélags Hvamms 24. júní**

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund leigufélags Hvamms ehf. sem haldinn verður í húsnæði félagsins, Vallholtsvegi 17, þriðjudaginn 24. júní verður Sigurður G. Böðvarsson.

**7. Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 25. Júní**

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sem haldinn verður í Öxi á Kópaskeri miðvikudaginn 25. júní verður Yngvi Ragnar Kristjánsson.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Yngvi Ragnar Kristjánsson,  
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir,  
Sigurður G. Böðvarsson,  
Guðrún Brynleifsdóttir,  
Friðrik K. Jakobsson.